

að hún sje samin með hans ráði, þykir framangreindur verknaður kærðs eigi vera refsiverður.

Það ber því að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður eiga að greiðast af almannafje.

Það vottast að enginn óþarfa dráttur hefir orðið á máli þessu.

Mánudaginn 26. sept. 1927.

Nr. 35/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Halldóri G. Stefánssyni

(Björn P. Kalman).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927:
Kærður, Halldór G. Stefánsson lækni, á að vera sýkn af kærum
valdstjórnarinnar. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Kærði hefir neitað því, að hann hafi gefið út áfengislyfseðla þá, er ræðir um í máli þessu, án þess að hafa áður fullvissað sig¹ um þörf beiðanda á áfenginu til lækninga og er þetta eigi nægilega sannað gegn neitun hans, enda hefir rannsóknar-dómarinn lítið rannsakað þetta atriði. Það verður því að sýkna kærða að þessu leyti af kæru valdstjórnarinnar.

Hinsvegar er það sannað í málinu, að kærði, er hefir lækningar að atvinnu en eigi rjett til lyfsölu, hefir eftir að reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925 gekk í gildi, gefið út lyfseðla um áfengi ritaða á venjuleg lyfseðlaeyðublöð sín en ekki á þau sjerstöku tölu-settu eyðublöð, er reglugjörðin fyrirskipar að nota

skuli undir lyfseðla um áfengi. Hefir einn slíkur lyfseðill verið lagður fram í málinu svohljóðandi:

Spir. conc. gram 210

Ætherol. carvi gtt. II

Aq. gram 370

og hefir kærði kannast við að hafa gefið út fleiri lyfseðla með sama innihaldi ritaða á venjuleg lyfseðlablöð sín, og telur kærði að þetta hafi verið heimilt sjer, þar sem hann skilji ákvæði nefndrar reglugjörðar svo, að hin tölusettu eyðublöð sje aðeins fyrirskipað að nota undir lyfseðla á vínanda óblandaðan eða blandaðan vatni *einu*, en ekki ef blandaður sje öðrum efnum í hvaða hlutfalli sem er. En þetta er eigi rjettur skilningur á ákvæðum reglugjörðarinnar. Svo sem tekið er fram í forsendum lögreglurjettardómsins verður vínandi blandaður vatni ekki talinn að vera mengaður í þeirri merkingu, sem orð þetta hefir í 3. gr. reglugjörðarinnar þótt blandaður sje fáum dropum af kúmenolíu (Ætherol. carvi). Kærði hefir því gjörst brotlegur gegn 5. gr. sbr. 3. gr. nefndar reglugjörðar með því að rita lyfseðlana á önnur blöð en þau, er reglugjörðin mælir fyrir að nota skuli undir lyfseðla um áfeng lyf.

Kærði hefir einu sinni áður verið dæmdur í sekt samkvæmt ákvæðum eldri aðflutningsbannlaga fyrir misnotun á áfengi, er hann sem læknir hafði fengið úr lyfjabúð, og þykir eigi verða hjá því komist að refsa honum fyrir ítrekað brot. Ákveðst því refsing kærða fyrir framangreint brot samkvæmt 17. gr. 1. nr. 15, 8. júní 1925, 1000 króna sekt í ríkissjóð og komi 45 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún fæst eigi greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá þyrtingu dóms þessa. Svo verður og samkvæmt ákvæðum sömu greinar að svifta kærða heimild til

þess að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi og áfengisblöndu.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í hjerði er það aðfinsluvert, að dómariinn hefir eigi, að því er sjeð verður, kallað kærða til að vera viðstaddan eiðfestingu vitna, er vitnuðu gegn honum, og að dómariinn hefir eigi orðið við kröfu kærða um að kalla tvö nafngreind vitni í rjettinn til þess að leggja fyrir þau ákveðnar spurningar.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Halldór G. Stefánsson læknir á Ísafríði, greiði 1000 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi ef sektin fæst eigi greidd innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa. Svo er og kærði sviftur heimild til þess að gefa út lyfseðla á áfengi og láta af hendi áfengi eða áfengisblöndu.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hjerði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Björns P. Kalman. 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjada dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir fyrirmælum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Halldóri G. Stefáns-

syni praktiserandi lækni á Ísafirði fyrir brot á lögum nr. 15, 1925 um aðflutningsbann á áfengi og reglugjörð nr. 59, 1. júlí 1925, um sölu áfengis til lækninga, til refsingar og málskostnaðargreiðslu.

Tildrög máls þessa eru þau, að lögregluþjónn bæjarins kærði fyrir dómaranum með brjefi dags. 19. ágúst f. á., að sá orðrómur leiki á, að tveir læknar hjer í bænum, sem sje kærði og annar nafngreindur læknir, skrifuðu áfengisseðla á ólögleg eyðublöð og seldu mönnum, en lyfjabúðin láti áfengi úti gegn seðlum þessum. Um sönnur á þessu kveðst lögregluþjónninn ekki vita, en honum þykir það hinsvegar grunsamlegt, að menn, er hann veit að væru drykkfeldir vendu komur sínar í lyfjabúðina og væru drukknari eftir litinn tíma.

Erindi þessu fylgdi skýrsla eða kæra undirskrifuð sama dag af Jóni nokkrum Björnssyni málaranema hjer í bænum. Kveðst tjeður Jón sama dag kl. 6 $\frac{1}{2}$ e. h. hafa farið til kærðs í þeim erindum að kaupa hjá honum lyfseðil á brennivín. Hafi hann einu sinni áður í vor fengið hjá kærðum þessháttar lyfseðil eftir beiðni hans og hafi tafarlaust verið látið út á lyfseðilinn brennivín í lyfjabúðinni hjer, upp í axlir á 3ja pelaflösku, er hann minnir að væri miðalaus og ómerkt.

Er tjeður Jón Björnsson kom inn til kærðs ofan nefndan dag, hafi kærður spurt hann, áður en hann bar upp erindið, hvort hann ætlaði að fá lyfseðil og játti hann því. Hafi þá kærður, án þess að ræða frekar við Jón Björnsson, skrifað lyfseðil á ótölusett eyðublað, en með nafnstimpli kærðs og afhent honum lyfseðil gegn 5 kr. endurgjaldi. Fór svo tafarlaust á lyfjabúðina og var honum afhent út á hann, orðalaust af útlendri stúlku, þriggja pela flaska með tærum vökva upp í axlir. Flaskan hafi verið miðalaus og ómerkt og hann greitt fyrir hana 6 kr., eins og upp var sett. Er nefndur Jón Björnsson kom út úr lyfjabúðinni, hitti lögregluþjónninn hann, spurði hvort hann hefði eigi flösku í vasanum og hvað væri í henni og játti hann því, og kveðst hafa svarað að í flöskunni væri brennivín keypt á lyfjabúðinni, eftir lyfseðli frá kærðum. Hafi lögregluþjónninn farið fram á það, að hann ljeti af hendi við sig flöskuna og gerði hann það góðfúslega.

Umrædda flösku tók rjetturinn í vörslur sínar.

Hefir kærður kannast við að vökvi sá, er í flöskunni var, hafi verið samkvæmt lyfseðli er hljóðaði á 210 gr. ómengaðan spiritus, 370 gr. aqua destilata og 2 dropar ætherol carvi, að taka eina matskeið 4 sinnum á dag.

Lyfseðil á samskonar áfengisblöndu kveðst kærður hafa látið sama manni í tje nokkru áður og ennfremur 3. des. f. á. sbr. rjskj. II.

Að því er snertir það atriði í skýrslu Jóns Björnssonar, að kærður hafi boðið honum lyfseðil að fyrra bragði þá hefir kærður mótmælt því sem ósönnu, heldur hafi kærður spurt hvort hann þyrfti sama meðal og áður og er hann játti því afhent honum lyfseðilinn

Þar sem nú þráttnefndur Jón Björnsson er einn hjer til frásagnar um þetta atriði, þykir það eigi vera nægilega sannad gegn mótmælum kærðs.

Um framangreinda lyfseðla kærðs er það að athuga, að þeir eru ritadír á venjuleg eyðublöð með nafnstimpli kærðs, en eigi á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkv. reglugjörð nr. 59, 1925. Kveðst kærður, er hann gefi lyfseðla á ómengaðan spiritus eða eingöngu vatnsblandan eða á koniak eða vín, er löggilt sje til lækninga, skrifa þá á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðar nr. 59, 1925. En er hann gefi lyfseðil á spir. conc. blandaðan öðrum medicinskum efnum, hvað lítið sem sje, skrifi hann þau á hin venjulegu eyðublöð eins og rjskj. nr. 11, enda fari hann eftir áliti landlæknis.

Að því er snertir spurninguna um það, hvort kærðum beri að skrifa greinda lyfseða á hin fyrirskipuðu eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar, þá þykir þurfa að svara því samkvæmt fyrirmælum reglugjörðarinnar í sambandi við fyrirmæli reglugjörðar nr. 66, 1922, um sölu á iðnaðaráfengi, suðuvökva o. fl., þannig að orðið „ómengað áfengi“ í 3. gr. reglugjörðar nr. 59, 1925, beri að skýra með hliðsjón af fyrirmælum reglugjörðar nr. 66, 1922, um mengaðan og hálfmengaðan spiritus. En samkvæmt því verður eigi álitíð að áfengi (spiritus) verði mengað, hálfmengað eða fullmengað, þó það sje blandað með ætherol carvi gtt. II eða medicinskum bitterefnum. Það virðist eðlilegt að skoða það fremur smekkbæti, en hitt að það breyti aðaláhrifum áfengisins sem nautnameðals. Áfengið verður þrátt fyrir svofelda blöndun að teljast ómengað og leiðir af því að kærðum ber að gefa lyfseðla á þannig lagaða áfengisblöndu, á hin sjerstöku eyðublöð samkv. 5. gr. reglugjörðarinnar.

Eins og fyr segir, ber kærður fyrir sig álit landlæknis viðvikjandi skilningi hans, á 3. gr. reglugjörðarinnar. En um það er upplýst í málinu að með símskeyti 18. ágúst 1924 gerði lyfjabúðin hjer svofelda fyrirspurn til landlæknis.

„Skil reglugjörðina þannig að aðeins þurfi að skrifa á áfengiseyðublöð vina medicata og spiritus óblandaðan og vatnsblandaðan en eigi blandaðan með öðrum medicinskun efnum í hvaða hlutfalli sem er. Er það rjett?“

Með svarskeyti 19. s. m. svarar landlæknir fyrirspurninni þannig:

„Skilningur yðar er í samræmi við fyrri málsgrein þriðju greinar í reglugjörð 7. ágúst 1922, um sölu áfengis til lækninga svo og fimtu greinar sömu reglugjörðar“.

Í svarskeytinu skirskotar landlæknir til reglugjörðar 7. ágúst 1922, er þá gildi, en þar eð núgildandi reglugjörð er í öllu er máli skiftir samhljóða eldri reglugjörðinni ætti svar landlæknis að hafa sama gildi samkvæmt gildandi reglugjörð.

Að vísu er það einvörðungu á valdi dómstólanna að lögskýra reglugjörð nr. 59, 1925, en með tilliti til þess, að landlæknir er yfirmaður kærðs, og í upphafi reglugjörðarinnar segir, að hún sje samin með ráði landlæknis, þykir framangreindur verknaður kærðs eigi vera refsiverður.

Það ber því að sýkna kærðan af kærnu valdstjórnarinnar í máli þessu. Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður eiga að greiðast af almannaþje.

Það vottast að enginn óþarfa dráttur hefir orðið í máli þessu.

Miðvikudaginn 28. sept. 1927.

Nr. 36/1927. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Gunnari Juul (Björn P. Kalman).

Áfengi afgreitt í lyfjabúð gegn ólögmatum lyfseðlum.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 18. febr. 1927:
Gunnar Juul lyfsali á að vera sýkn af kærnu valdstjórnarinnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannaþje.

Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst í máli þessu og viðurkent af kærða, að afgreiddir hafa verið í lyfjabúð hans á